

## Útdráttur

Útdráttur er stutt samantekt efnis ritverks. Hann á að vera í samfelldu máli, ekki einstök orð eða samhengislausar setningar. Í útdrætti á að nota eigin orð, ekki orðalag heimildar, og því þarf að orða textann upp á nýtt. Eins og aðrar ritsmíðar hefur útdráttur upphaf, meginmál og niðurlag. **Gerð útdráttar þarfnast**

### undirbúnings:

- Fyrst þarf að lesa yfir textann, átta sig á aðalatriðum og strika undir þau
- Lykilorð (aðalatriði) hverrar efnisgreinar skrifuð á spássíu.
- Ef bein ræða kemur fyrir í textanum þarf að breyta henni í óbeina:

**Bein ræða:** „Ég fór í bíó í gær,“ sagði Stína

**Óbein ræða:** Stína sagðist hafa farið í bíó í gær.

Stína sagði að hún hefði farið í bíó í gær.

- Skrifa nýjan texta út frá lykilorðum með eigin orðalagi.
- Finna nýja fyrirsögn



### Fyrsti yfirllestur, strikað undir aðalatriði:

Geturðu sagt mér hvar myndbandaleigan er?

Já, það er nú ekki mikið mál. Þú gengur eftir þessum vegi þar til þú kemur að þar næstu gatnamótum. Þar beygir þú til vinstri og þá ferðu fram hjá styttunni af manningum með staurfötinn. Vinur minn klifraði upp hana í fyrra og setti trefil um hálsinn á honum. Þú heldur áfram og ferð fram hjá kirkjunni. Ég ferdist þar í vor. Presturinn er svo utan við sig að hann mætti of seint í kirkjuna. Hann var búinn að steingleyma fermingunni og var í kominn í matarboð til foreldra sinna! Þegar þú kemur að bílasólunni þá beygir þú til hægri. Það er nokkuð brött brekka sem þú þarft að fara upp, en þú ert nú svo ung að það ætti ekki að vera neitt mál fyrir þig. Við götuljósín ferðu beint yfir og beygir svo til vinstri, látum okkur sjá, Grundarveg, nei Grundarbraut. Eða var það Grundarvegur? Já, það er Grundarvegur, ég man það núna. Ég þekki strák sem á heima þar og hann á heima á Grundarvegi. Þú gengur eftir Grundarvegi og þá kemur þú fjótlega að gatnamótum og þú skalt passa þig þegar þú ferð yfir þau. Það varð slys þar í vetur. Stelpa í minum bekk varð fyrir bíl og var á sjúkrahúsi í tvo mánuði. Hún missti svo mikið úr skólanum að ég hélt að hún þyrfti að taka bekkinn aftur. En hún var svo dugleg að læra að hún varð næst hæst í bekknum. Mínar einkunnir voru lélegar í samanburði við hennar. Þegar þú ert komin yfir gatnamótin þá áttu að sjá myndbandaleiguna. Þó getur verið að stór flutningabíll skyggi á. Hann stendur oft við götuna. Ég held að bílstjórinn eigi heima þarna. Myndbandaleigan er í stóra, nýja húsinu hinu megin við götuna. Vona að þetta gangi vel. Heyrðu hvaða mynd ætlar þú að sjá.

### Annar yfirllestur, aðalatriði / lykilorð á spássíu:

## Flatormurinn

Ný tegund orms

Sú var tíðin að Íslendingar töldu að innflutningur minks gæti bjargað heilum byggðarlögum. Þeir biðu ekki boðanna, pöntuðu nokkra minka sem innan skamms sluppu úr búrum sínum með ægilegum afleiðingum. En fleiri dýr geta orðið skaðvaldar á Íslandi. Nú er sérstök tegund orma farin að gera usla í nágrenna löndum okkar.

Uppruni og útlit

Flatormurinn *Artioposthia triangulata* er nýsjálenskur að uppruna. Hann er u.þ.b. 20 cm langur, brúnn að lit, með gagnsæjar blöðkur á hliðum sem gera hann flatan að útliti. Hann hvílir sig á daginn en fer af stað á nóttunni og leitar ætis. Uppáhaldsmatur hans er ánamaðkar.

Útbreiðsla

Fyrir nokkrum árum fór flatormurinn að breiðast út. Hann tók sér far með blómum og settist að á Írlandi og víðar. Árið 1982 var hann kominn til Færeyja. Á Íslandi sást hann í gróðurhúsi í Reykjavík árið 1990 en ekki er vitað til að hann hafi breiðst út þaðan.

Hefur áhrif á náttúruna

Þar sem flatormurinn sest að hverfa ánamaðkar brátt úr jörðu. Slíkt er mikill skaði því ánamaðkar hafa miklu hlutverki að gegna í moldinni, eru mikilvæg fæða fuglanna og nauðsynleg beita fyrir fiska. Flatormurinn er hins vegar eittraður og nýtist engum.

Hinn mesti skaðvaldur

Ljóst er að flatormurinn nýsjálenski gæti sest hér að og orðið hinn mesti skaðvaldur. Lífriki Íslands er viðkvæm keðja þar sem enginn hlekkur má bresta. Fekki ánamöðkum hljóða ótal raddir loftins. Veðimenn missa beitu sína og kettirnir – já hvað með kisu?



## Útdráttur

- 1) Lestu textann og gerðu þér grein fyrir efni hans.
- 2) Skráðu lykilatriði hvernar efnisgreinar á spássíuna. Notaðu stikkorð.
- 3) Skrifðu 50-100 orða útdrátt sem byggist á lykilorðunum.

## Surtsey

Það var árla morguns þann 14. nóvember 1963 sem skipverjar á vélbátnum Ísleifi frá Vestmannaeyjum komu auga á gufustrók sem lagði upp úr hafinu um 3 sjómílur vestur af Geirfuglaskeri í Vestmannaeyjaklasanum. Í fyrstu áttuðu menn sig ekki á hvað var á ferðinni en fljótlega sást að um eldgos á sjávarbotni var að ræða. Þar sem gosið hófst var um 100 metra sjávardýpi.

Strax á öðrum degi gossins fór að myndast eyja og taldist mönnum til að nýja eyjan væri nokkur hundruð metrar á lengd og 8 til 10 metrar á hæð að kvöldi annars gosdagsins. Í byrjun kölluðu menn eyna í gamni Séstey, þar sem ótrúlegt þótti að hún yrði langlíf. Tæplega mánaðargömul hlaut eyjan það nafn sem hún hefur borið síðan, Surtsey. Það var Örnefnanefnd sem lagði þetta nafn til við menntamálaráðuneytið og var það samþykkt þrátt fyrir tölvuverða andstöðu í Vestmannaeyjum en þar höfðu margir hallast að því að kalla eyna Vesturey. Nafnið Surtsey er dregið af nafni eldjötunsins Surts.

Fyrstir til að ganga á land í hinni nýju eyju voru þrír Frakkar á vegum franska stórblaðsins Paris Match og gerðist það 7. desember, um þremur vikum eftir upphaf gossins. Landtaka Frakkanna olli tölvuverðum taugatitringi meðal Íslendinga sem þótti að þjóðarheiðri sínum vegið og aumt að vera eftirbátar útlendra ofurhuga.

Gosið í Surtsey varð næstlengsta gos sem sögur fara af hér á landi og stóð það fram á mitt árið 1967, eða í þrjú og hálf ár. Þegar gosinu lauk hafði myndast stór eyja, önnur stærsta eyjan í Vestmannaeyjaklasanum og syðsta eyja við Íslandsstrendur.

Surtseyjargosið, og síðar eyjan Surtsey, hefur orðið vettvangur rannsókna fjölda vísindamanna í ýmsum greinum náttúruvísinda, enda fyrsta neðansjávargosið hér við land sem vísindamenn gátu fylgst með frá byrjun.

Tæpum tíu árum eftir upphaf Surtseyjargossins varð aftur gos í Vestmannaeyjum en það gos varð á Heimaey, stærstu eyinni, og hófst aðfararnótt 23. janúar 1973.